


Ársskýrsla Fiskeldissjóðs

2022





Ársskýrsla
Fiskeldissjóðs

2022

F
22

**Fiskeldissjóður
Ársskýrsla 2022**

Útgefandi:

Fiskeldissjóður
Matvælaráðuneytinu
Borgartúni 26
105 Reykjavík
545 9700
www.fiskeldissjodur.is
postur@mar.is

Hönnun og umbrot:

Ingi Kristján Sigurmarsson

ISSN 2772-1876

© Fiskeldissjóður
september 2023

Ábyrgðarmaður:

Haraldur L. Haraldsson
stjórnarformaður



Hlutverk Fiskeldissjóðs er að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.





Á tveimur fyrstu starfsárum Fiskeldissjóðs var úthlutað tæplega 300 milljónum króna til fjölbreyttra og krefjandi verkefna til að mæta vaxandi kröfum íbúa og atvinnulífs í takt við aukin umsvif í sjókvíaeldi.

Á árinu 2022 var úthlutað styrkjum til níu verkefna í sex sveitarfélögum, samtals að fjárhæð 185,1 milljón króna. Þrjú þessara verkefna hlutu styrk í annað sinn.



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Samráð við sveitarfélögin	6
Breytingar á lögum og úthlutunarreglum	7
Um Fiskeldissjóð	8
Úthlutun 2022	9
Vatnsveita í Bolungarvík	10
Bolungarvíkurkaupstað	
Endurnýjun vatnslagna í Staðardal	11
Ísafjarðarbæ	
Nemendagarðar Háskólaseturs	12
Ísafjarðarbæ	
Smitvarnir	13
Súðavíkurhreppi	
Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi	14
Múlþingi	
Fólk og fyrirtæki til móts við nýja tíma	15
Tálknafjarðarhreppi	
Áhaldahús og slökkvistöð á Bíldudal	16
Vesturbyggð	
Vatnsöryggi í Vesturbyggð	17
Vesturbyggð	
Öryggi gangandi vegfarenda, Patreksfirði	18
Vesturbyggð	



Styrkir Fiskeldissjóðs skipt eftir landshlutum	19
Ársskýrsla 2021	20
Ársreikningur 2021	20
Staða verkefna sem hlutu styrk úr Fiskeldissjóði 2021	20
Leikskóli í Fjarðabyggð Eskifirði	21
Vatnsveita í Ísafjarðarbæ Súgandafirði	21
Fráveita í Múlaþingi Djúpavogi	21
Fjarlægja vatnslögn úr asbesti í Vesturbyggð Bíldudal	21
Vatnsöryggi í Vesturbyggð Patreksfirði	21
Lokaorð	22
Ársreikningur 2022	23

Ávarp stjórnarformanns



Stjórn Fiskeldissjóðs hefur frá byrjun haft að leiðarljósi mikilvægi þess að eiga gott samstarf við sveitarfélög sem eiga rétt á að sækja um styrki úr sjóðnum, sem og við Samband íslenskra sveitarfélaga. Haldnir hafa verið fundir með sveitarfélögunum þar sem m.a. úthlutunarreglur hafa verið ræddar og var svo einnig á árinu 2022. Í upphafi árs hélt matvælaráðherra fund með stjórn og fulltrúum sveitarfélaganna ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem almennt var rætt um sjóðinn og úthlutun styrkja árið 2022.

Á árinu 2022 bárust sjóðnum umsóknir frá átta sveitarfélögum að fjárhæð 457 milljónir króna. Samþykktir voru styrkir til sex sveitarfélaga vegna níu verkefna. Námu styrkumsóknir vegna þessara verkefna samtals 299,5 milljónum króna. Þar sem sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 185,1 milljón króna þurfti að skerða veitta styrki. Stuðst var við ákveðna reiknireglu við það.

Stjórn sjóðsins telur mikilvægt að styrkir renni til verkefna sem koma til framkvæmda innan tilsetts tíma þannig að sjóðurinn liggi ekki með mikla fjármuni ónýtta á ári hverju.

Í 6. gr. reglugerðar um sjóðinn segir að styrkir sjóðsins séu að jafnaði veittir til eins árs í senn og samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins er gerður samningur til eins árs. Ef útlit er fyrir að framkvæmdaáætlun muni ekki ganga eftir getur viðkomandi sveitarfélag óskað eftir framlengingu á verktíma og hefur stjórnin heimild til að samþykkja það, liggi fyrir málefnaleg rök.

Árið 2021 voru veittir styrkir að fjárhæð 105 milljónir króna vegna fimm verkefna, þannig að í árslok 2022 hafði stjórnin veitt styrki til 14 verkefna samtals að upphæð 290,1 milljón króna.

Í árslok 2022 hafði einungis verið lokið við eitt verkefni af þeim fimm sem úthlutað var til árið 2021 og eitt sem hlaut styrk á árinu 2022. Þannig var aðeins lokið tveimur verkefnum af þeim 14 sem styrkt voru árin 2021 og 2022. Samkvæmt reglum sjóðsins eru 50% af styrkfjárhæð greiddar við undirritun samnings, en eftirstöðvar greiddar við verk- eða áfangalok. Í árslok 2022 voru því í sjóðnum 126,8 milljónir króna vegna ónýtttra styrkveitinga árána 2021 og 2022, eða sem nemur 44% af veittum styrkfjárhæðum þessara ára.

Stjórn sjóðsins leggur áherslu á það við sveitarfélögin að þau sækji um styrki til verkefna sem fara í framkvæmd sem fyrst og unnt er að ljúka við innan árs frá því að samningur er gerður. Með því tryggjum við sem best nýtingu þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma í stað þess að fjármagnið liggja hjá sjóðnum ónotað.

Fyrir hönd stjórnar er sveitarfélögunum þakkað fyrir gott samstarf. Jafnframt þakkar stjórnin ráðuneyti og starfsmanni sjóðsins fyrir vinnu við úthlutunina og gott samstarf á árinu 2022.

Haraldur Líndal Haraldsson, stjórnarformaður.

Samráð við sveitarfélögin

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hélt fjarfund með stjórn og fulltrúum sveitarfélaga 7. febrúar 2022. Markmiðið var að heyra sjónarmið þeirra varðandi sjóðinn og ræða framhaldið m.a. vegna úthlutunar 2022 en áður hafði reglugerð um sjóðinn verið breytt á þann veg að gefinn var frestur fram yfir 1. febrúar til að auglýsa eftir umsóknum.

Fimm bæjarstjórar og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga mættu til fundarins: Björn Ingimarsson Múlaþingi, Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð, Jón Páll Hreinsson Bolungarvík, Ólafur Þór Ólafsson Táknaþinghreyfing, Rebekka Hilmarsdóttir Vesturbyggð, og Guðjón Bragason, Sambandi ísl. sveitarfélaga. Stjórn Fiskeldissjóðs og starfsmaður sjóðsins sátu fundinn og var niðurstaða hans að flýta ætti úthlutun eins og hægt væri.

Stjórn Fiskeldissjóðs hélt samráðsfund með fulltrúum sveitarfélaganna 11. febrúar þar sem farið var yfir matsskjal og verklag við mat á umsóknum sem og hugmyndir um breytingar á úthlutunarreglum. Á fundinum gafst tækifæri til að koma með ábendingar eða óska eftir frekari skýringum. Fundinn sátu auk stjórnar og starfsmanns Fiskeldissjóðs:

Aðalheiður Borgþórsdóttir	Múlaþingi,
Aðalsteinn Þórhallsson	Múlaþingi,
Axel Rodriguez Överby	Ísafjarðarbæ,
Birgir Gunnarsson	Ísafjarðarbæ,
Björn Ingimarsson	Múlaþingi,
Bragi Þór Thoroddsen	Súðavík,
Finnbogi Bjarnarson	Bolungarvík,
Helgi Hjálmtýsson	Bolungarvík,
Jón Björn Hákonarson	Fjarðabyggð,
Jón Gísli Jónsson	Strandabyggð,
Jón Páll Hreinsson	Bolungarvík,
Katrín Pálsdóttir	Bolungarvík,
Ólafur Þór Ólafsson	Táknaþinghreyfing,
Rebekka Hilmarsdóttir	Vesturbyggð,
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir	Vestfjarðastofu,
Sigurður Línadal Þórisson	Vestfjarðastofu,
og Guðjón Bragason	Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar sveitarfélaganna lögðu áherslu á að úthlutun yrði hraðað vegna undirbúnings framkvæmda á komandi sumri. Af hálfu stjórnar var ítrekað að úthlutunarreglur yrðu aftur til endurskoðunar á næsta ári og að haft yrði samráð við sveitarfélögin þar um. Enn fremur að framvegis yrði óskað tvívegis á ári eftir upplýsingum um stöðu verkefna, sem fengið hafa styrki úr sjóðnum.

Breytingar á lögum og úthlutunarreglum

Á árinu 2022 var gerð breyting á lögum nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Breytingin fólst í því að í stað þess að fjárhæð þess gjalds sem rekstrarleyfishöfum fiskeldisstöðva er gert að greiða, skyldi miðuð við „meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi frá ágúst til október“ var samþykkt að miða skyldi við nýjasta 12 mánaða meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi“.

Eftirtaldar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins 2022:

- Skerpt var á orðalagi um að ítarleg kostnaðar- og framkvæmdaráætlun skuli fylgja umsókn sem er nauðsynlegt til að stjórn geti metið raunhæfni verkefna og fylgst með framgangi þeirra.
- Fjöldi matsþátta innan hvers áherslupáttar var breytt úr 4 í 5 og er 25% bil á milli matsþátta.
- Sett var hámark á einstaka styrki þannig að eitt verkefni fengi ekki hærra styrk en 50 milljónir króna á árinu 2022. Það hámark nær til einstakra verkefna eða verkþátta en ekki til sveitarfélaga. Eftir sem áður geta sveitarfélög sótt um styrk til framhalds verkefnis/annarra verkþátta að ári liðnu. Þakið nær aðeins til úthlutunar 2022.

Stjórn sjóðsins ber að leggja faglegt mat á umsóknir og verkefni og forgangsraða þeim í samræmi við hlutverk sjóðsins og áherslur stjórnar hverju sinni. Þær áherslur koma fram í 4. gr. úthlutunarreglna sjóðsins og eru óbreyttar frá fyrra ári:

1. Styrkari samfélagsgerð (menntun, menning, íbúáþróun) gildir allt að 20%;
2. Uppbygging innviða (atvinnulíf, þjónusta) gildir allt að 17,5%;
3. Loftslagsmarkmið og umhverfisvernd (fráveita, orkuskipti, vatnsveita) gildir allt að 15%;
4. Tenging við sjókvíaelði (hafnir, aðstaða í landi) gildir allt að 10%;
5. Nýsköpun hvers kyns, tengd ofangreindum þáttum gildir allt að 7,5%.

Metið var að hve miklu leyti hver umsókn félli að hverjum og einum áherslupætti, sem hafa vægi á bilinu 7,5%-20%. Voru áhrifin metin eftir því hvort þau væru engin, lítil, nokkur, mikil eða afgerandi og verkefnum síðan raðað í samræmi við þá einkunnagjöf.

Til að umsóknir verði metnar samkvæmt þessu kerfi þarf að liggja fyrir skýr framkvæmdar- og kostnaðaráætlun verkefnisins eða verkhlutans og gilda þær samtals allt að 30%. Ef ekki liggur fyrir skýr framkvæmdar- og/eða kostnaðaráætlun er umsóknin ekki metin frekar.



Fiskeldissjóður

Stjórn Fiskeldissjóðs:

Haraldur Líndal Haraldsson, formaður
Álfheiður Ingadóttir
Kjartan Dige Baldursson

Starfsmaður Fiskeldissjóðs:

Hjalti Jón Guðmundsson

Úthlutun 2022

Auglýst var eftir umsóknum 18. febrúar og var umsóknarfrestur til 25. mars. Alls bárust 15 umsóknir frá átta sveitarfélögum, samtals að fjárhæð rúmlega 457 milljónir króna en framlag á fjárlögum til úthlutunar á árinu 2022 nam 185,1 milljónum króna. Tvö verkefni voru metin á undirbúningsstigi og of skammt á veg komin til að hljóta styrk á þessu stigi, en verkefni eru fyrst styrkhæf þegar sýnt er að þau komi til framkvæmda.

Stjórn lauk úthlutun á fundi 13. maí 2022 og námu samþykktar umsóknir samtals um 299,5 milljónum króna. Þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er lægra en sú fjárhæð, voru styrkfjárhæðir skertar hlutfallslega til þess að samtala úthlutaðra styrkja væri 185,1 m.kr., sem er sú fjárhæð sem sjóðurinn hafði til úthlutunar. Styrkfjárhæð réðst síðan af hlutfallslegri einkunn viðkomandi verkefnis miðað við hæstu einkunn allra verkefna. Styrkleiki þessarar aðferðafræði er sá að verkefni sem falla vel að áherslum sjóðsins skerðast minna en önnur. Þar með er samhljómur í áherslum sjóðsins og niðurstöðu mats á þeim verkefnum sem hljóta styrk.

Eftirfarandi níu verkefni í sex sveitarfélögum hlutu styrk, samtals 185,1 milljónir króna en styrkir voru námundaðir að 100 þúsund krónum. Þrjú þessara verkefna hlutu einnig styrk á árinu 2021.

Sveitarfélag / Verkefni		Samtals
Bolungarvíkurkaupstaður		33.400.000
Vatnsveita í Bolungarvík, bygging miðlunartanks	33.400.000	
Ísafjarðarbær		49.400.000
Endurnýjun vatnslagna í Staðardal, framhaldsverkefni	33.400.000	
Nemendagarðar Háskólaseturs, frágangur lóðar	16.000.000	
Múlaþing		32.400.000
Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi, framhaldsverkefni	32.400.000	
Súðavíkurhreppur		4.100.000
Smitvarnir í Súðavíkurhöfn	4.100.000	
Tálknafjarðarhreppur		28.800.000
Uppbygging á hafnarsvæði	28.800.000	
Vesturbyggð		37.000.000
Áhaldahús og slökkvistöð á Bíldudal	22.600.000	
Vatnsöryggi í Vesturbyggð, framhaldsverkefni	4.100.000	
Öruggar gönguleiðir, gerð gangstétta á Patreksfirði	10.300.000	
Samtals úthlutað 2022		185.100.000



**Vatnsveita í
Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður

33.400.000 kr.



Markmið verkefnisins er að bæta vatnsöflun og gæði neysluvatns í Bolungarvík. Í stað yfirborðsvatns sem er hreinsað og geislað verður vatni dælt úr borholum í nýjan miðlunartank og áfram inn á núverandi lagakerfi vatnsveitunnar. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 270 milljónir króna og stefnt að því að ljúka framkvæmdum 2024.



Mynd: Bolungarvík

Næstu skref til að tryggja nægt og gott neysluvatn til bæjarbúa og fyrirtækja er að byggja miðlunartank á þessu plani í Hlíðardal til að jafna dagsveiflur í vatnsnotkun.

10

**Endurnýjun vatns-
lagna í Staðardal**
Ísafjarðarbær
(framhaldsverkefni)

33.400.000 kr.



Þetta er II. áfangi í endurnýjun vatnsveitu Suðureyrar, sem felst í vatnslögn frá endastöð I. áfanga sem var ný lögn frá miðlunartanki í hlíðum ofan við þorpið og fyrir Spillinn. Fiskeldissjóður veitti styrk til I. áfanga 2021 og markmiðið er sem fyrr að tryggja íbúum, höfninni og atvinnulífi aðgang að vatni til frekari vaxtar en núverandi lögn nær ekki að mæta þörfinni. Verklök eru áætluð 2023.



Mynd: Ísafjarðarbær

Ný og sverari vatnslögn kemur í veg fyrir að miðlunartankur tæmi sig á venjulegum degi þegar vinnsla er í gangi í þorpinu en þá hefur innrennsli ekki undan daglegri notkun.

**Nemendagarðar
Háskóla­seturs**
Ísafjarðarbær

16.000.000 kr.



Til stendur að reisa nemendagarða Háskóla­seturs Vestfjarða á lóð við Fjarðarstræti 20. Byggingamagnið er 16-1800 m² og hefur Háskóla­setrið fengið stofnfram­lag frá Ísafjarðarbæ og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til framkvæmdarinnar. Ísafjarðarbær leggur til lóðina og er styrkurinn veittur til að rífa og farga skúrum sem fyrir eru á lóðinni. Markmiðið er að styrkja Háskóla­setrið og Ísafjörð á sviði nýsköpunar og efla atvinnugreinar á sviðum fiskeldis og fiskveiða.



Mynd: Ísafjarðarbær

Í stað þessarar skúraþyrpingar munu rísa nemenda­garðar Háskóla­seturs Vestfjarða, en þar er boðið uppá nám sem tengist Haf- og strandsvæðastjórnun, sjávarbyggðafræði og sjávertengdri nýsköpun.

Smitvarnir
Súðavíkurhreppur

4.100.000 kr.



Stefnt er að því að skipta Súðavíkurhöfn upp og koma upp aðskildum sóttvarnarhólfum og aðgangsstýrðri aðstöðu með sóttþreinsun á fatnaði og öðrum búnaði starfsfólks, auk þess sem þjónustubátar fá aðskilin pláss í höfninni. Markmiðið er að takmarka umhverfisáhrif af sjókvíaeldi og lágmarka að smit berist milli báta sem þjónusta aðskilin eldissvæði. Uppsetningin er að færeyskri fyrirmynd.



Mynd: Súðavíkurhreppur

Síló, sem munu taka við slógi og því sem fellur til frá kvíum, eru komin á hafnarbakka og bíða uppsetningar. Gámar eru einnig komnir á bryggju við suðurgarð og búið er að leggja að þeim vatn og rafmagn. Verkefninu verður lokið í september 2023.

**Fráveituframkvæmdir
í Djúpavogi**
Múlaping
(framhaldsverkefni)

32.400.000 kr.



Hér er um að ræða síðari hluta fyrsta áfanga í fráveituframkvæmdum í Djúpavogi en sjóðurinn veitti styrk til fyrri hlutans 2021. Komið verður fyrir tveggja hólfa dælubrunni í fjörunni fyrir utan Hótel Framtíð, þaðan verður lögð um 800 m dælulögn til norðaustur yfir á Langatanga þar sem hreinsistöð verður komið fyrir. Þessi verkhluti snýr að framkvæmdum og viðbótar efniskaupum á fyrsta og umfangsmesta áfanga fyrirhugaðra úrbóta.



Mynd: Múlaping

Verkefnið felur í sér heildarendurskoðun og úrbætur á frárennsliskerfi Djúpavogs og er liður í umfangsmiklum endurbótum á fráveitu í þéttbýliskjörnum Múlapingis.

**Fólk og fyrirtæki til
móts við nýja tíma**
Tálknafjarðarhreppur

28.800.000 kr.



Unnið er að uppbyggingu, endurbótum og viðhaldi á hafnarsvæði Tálknafjarðar. Götur verða byggðar upp og malbikaðar í samræmi við nýtt deiliskipulag sem miðar að öruggara umhverfi fyrir gangandi vegfar-
endur og gesti. Verkefninu er skipt í þrjá áfanga. Heildarkostnaður er áætlaður 49,9 milljónir króna.



Mynd: Tálknafjarðarhreppur

Markmið verkefnisins er að styðja við vaxandi kraft í atvinnulífinu, bæta starfsumhverfi fyrirtækja og fólks á hafnarsvæðinu á Tálknafirði, gera fjörðinn snyrtilegri og eftirsóknarverðari bæði til heim-
sóknna og búsetu.

15

**Áhaldahús og slökkvi-
stöð á Bíldudal**
Vesturbyggð

22.600.000 kr.



Reist verður 300 m² hús á landfyllingu sem hýsa mun bæði slökkvistöð og áhaldahús. Vesturbyggð hefur í samráði við Ríkiskaup unnið að útboði á nýjum slökkvibíl fyrir Bíldudal, en núverandi húsnæði uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til aðstöðu og aðbúnaðar og mun ekki rúma nýja slökkvibílinn. Þá skortir aðstöðu fyrir áhaldahús en leiguhúsnæði sem það var í var tekið undir starfsemi fiskeldis.



Mynd: Vesturbyggð

Í þessari nýbyggingu verður góð aðstaða fyrir slökkvilið, nýjan slökkvibíl og annan brunavarnabúnað auk þess sem áhaldahúsið fær nýja aðstöðu.

**Vatnsöryggi í
Vesturbyggð**
Vesturbyggð
(framhaldsverkefni)

4.100.000 kr.



Verkefnið er seinni hluti af heildarendurskoðun á vatnsöryggi fyrir Patreksfjörð og Bíldudal sem hófst 2021 og sjóðurinn veitti þá styrk til. Verkefnið snýst um að tryggja að sveitarfélagið búi yfir fullnægjandi upplýsingum um vatnsforða sinn og afkastagetu vatnsbóla til að unnt sé að vita hvort hægt sé að auka vatnstöku til frekari uppbyggingar.



Mynd: A. N. Foto

Markmið verkefnisins er að byggja upp innviði sem anna eftirspurn eftir nægu og öruggu vatni og kostnaðargreina nauðsynlegar framkvæmdir við vatnsveitu Vesturbyggðar.

Öryggi gangandi vegfarenda, Patreksfirði

Vesturbyggð

10.300.000 kr.



Vesturbyggð stefnir að því að gera öruggri gönguleið ofan við leikskóla bæjarins. Mikilvægt er að aðgreina gönguleiðir vel frá akstursbrautum og byggja upp gangstéttar þar sem hreyfihamlaðir og fólk með barnavagna getur farið um. Framkvæmdin mun einnig auðvelda hreinsun á fráveituvatni og draga úr notkun bifreiða innanbæjar í sveitarfélaginu.




Mynd: Ivan Kurmyshov

Betri og öruggari samgönguleiðir innan þorpsins geta dregið úr notkun bifreiða og bætt lýðheilsu íbúa sem í meira mæli fara leiðar sinnar þá gangandi.

Styrkir Fiskeldissjóðs skipt eftir landshlutum

Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins tekur úthlutun styrkja eingöngu til einstakra verkefna en miðast hvorki við sveitarfélög né landshluta. Árið 2022 bárust 15 umsóknir frá tveimur sveitarfélögum á Austurlandi að fjárhæð 105 m.kr. og 12 umsóknir frá sex sveitarfélögum á Vestfjörðum að fjárhæð 352 m.kr.

Eftirfarandi tafla og kökurit sýna úthlutun eftir landshlutum 2021-2022 og samtals dreifingu milli landshluta á þessum fyrstu tveimur árum.



Landshluti	2021		2022		Samtals	
Austurland	70.648.503	67%	32.400.000	18%	103.048.503	36%
Vestfirðir	34.351.497	33%	152.700.000	82%	187.051.497	64%
Samtals	105.000.000		185.100.000		290.100.000	

Ársskýrsla 2021

Ársskýrsla Fiskeldissjóðs fyrir [árið 2021](#) var birt á vef sjóðsins í ársbyrjun 2023. Þar er að finna upplýsingar um hlutverk sjóðsins, starfsemi, ráðstöfunarfé og fyrstu úthlutun styrkja úr sjóðnum sem tók til starfa í febrúar 2021.

Ársreikningur 2021

Ársreikningur Fiskeldissjóðs 2021 var undirritaður 9. nóvember 2022. Að ósk stjórnar var fyrirvari gerður í ársreikningnum um að greiðslur vegna úthlutunar ársins 2021 (samtals 105 m.kr.) hafi ekki farið fram á því ári. Engu að síður hafi sjóðurinn skuldbundið sig til greiðslu á þeim fjármunum komi öll verkefni til framkvæmda. Því séu þessir fjármunir ekki lausir til ráðstöfunar í önnur verkefni á árinu 2022.

Staða verkefna sem hlutu styrk úr Fiskeldissjóði 2021

Úthlutun styrkja fór fram í september 2021 og voru samningar gerðir vorið 2022. Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins er reglan sú að helmingur styrks er greiddur við undirritun samnings en lokagreiðsla fer fram við verklok eða þegar áður samþykktum verkáfangi er lokið. Reglurnar miða við að verkefni komi til framkvæmda innan árs frá því samningur er gerður og óskar stjórn Fiskeldissjóðs tvívegis á ári eftir upplýsingum um stöðu verkefna sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum.

Verkefnastaða hjá verktökum var víðast hvar mjög góð á árinu 2022 og reyndist sveitarfélögum erfitt að fá tilboð í stór verk. Þá hækkaði verð á aðföngum og tafir á afhendingu voru algengar. Allt leiddi þetta til þess að áætlanir sveitarfélaga um framkvæmdir við ýmis verkefni sem höfðu hlotið styrk úr Fiskeldissjóði stóðust ekki og mörg verkefni töfðust um lengri eða skemmri tíma. Dæmi eru um verkefni sem höfðu ekki hafist í árslok 2022 og hafa viðkomandi sveitarfélög í flestum tilvikum gert grein fyrir ástæðum tafanna. Í þeim tilvikum sem forsendur hafa breyst og sýnt er að verkefni muni ekki fara af stað á næstunni kemur til álita að semja við styrkhafa um endurgreiðslu. Gerist það koma þeir styrkir aftur til úthlutunar.

Í árslok 2022 var staða þeirra fimm verkefna sem fengu úthlutun 2021 sem hér segir:

Leikskóli í Fjarðabyggð
Eskifirði

Vinna við jarðvinnu, grunn og plötu fór í útboð í lok september 2021 og var húsið reist á árinu 2022. Framhald verkefnisins verður boðið út í upphafi árs 2023, það sem snýr að innivinnu, rafmagn, loftræstikerfi, innréttingar og öðrum búnaði. Húsið verður tekið í notkun í áföngum.

Vatnsveita í Ísafjarðarbæ
Súgandafirði

Verklokaskýrsla barst 30. október 2022 frá Ísafjarðarbæ vegna 1. áfanga verkefnis sem úthlutað var til á árinu 2021: Vatnslögn í Staðardal – Vatnsveita Suðureyrar.

Fráveita í Múlapingi
Djúpavogi

Vegna tafa á breytingum á Aðalskipulagi reyndist ekki unnt að hefjast handa við verkefnið á árinu 2022 en nýta átti framlag Fiskeldissjóðs til efniskaupa, m.a. á dælubrunni, skólphreinsi-búnaði og lagnaefni. Reiknað er með að allur búnaður verði kominn á vormánuðum 2023 og framkvæmdir hefjist sumarið 2023.

**Fjarlægja asbestlögn
í Vesturbyggð**
Bíldudal

Erfiðlega gekk að fá verktaka í þetta verkefni, enda verktakar á Bíldudal umsetnir vegna uppgangs í fiskeldinu. Staðfest er að verkefninu verði lokið á vormánuðum 2023 skv. samningi við verktaka.

Vatnsöryggi í Vesturbyggð
Patreksfirði

Verkís vinnur að heildarendurskoðun á vatnsöryggi fyrir Patreksfjörð og Bíldudal í samræmi við fimm ára áætlun vatnsveitunnar. Markmiðið er að afla upplýsinga um vatnsforða og afkastagetu vatnsbóla, hanna vatnstanka fyrir báða byggðakjarnana og gera tillögu að nýjum stofnlögnum. Skil á verkefninu eru áætluð um áramót 2022/2023.

Lokaorð

Stjórn Fiskeldissjóðs telur mikilvægt að fjármagn sem sjóðurinn úthlutar fari til verkefna sem sýnt er að muni koma til framkvæmda innan tilskilins tíma. Hluti af áskorun sjóðsins er að sveitarfélögin hafa átt í erfiðleikum með að koma verkefnum sem hlotið hafa styrk í framkvæmd og því liggja talsverðir fjármunir hjá sjóðnum óhreyfðir. Þá er sýnt að mörg sveitarfélög standa frammi fyrir mjög umfangsmiklum langtímaframkvæmdum vegna fráveitu sem sjóðurinn hefur ekki bolmagn til þess að styrkja nema að litlu leyti.

Stjórn Fiskeldissjóðs var samstiga við afgreiðslu umsókna 2022. Stjórnin stefnir að því að beita sambærilegri aðferðafræði við úthlutun styrkja á næsta ári en jafnframt huga að endurskoðun á úthlutunarreglum með tilliti til reynslu fyrri ára. Stjórnin leggur áherslu á að hafa gott samráð við sveitarfélögin þar um.


Ársreikningur 2022

Skýrsla og áritun forstöðumanns	24
Yfirlit um afkomu ársins	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit	27
Skýringar	28

Fiskeldissjóður

Fjárlagaliðurinn
er í umsjón
Matvælaráðuneytisins

Borgartúni 26, 105 Reykjavík



Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fiskeldissjóður er nýr sjóður sem starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 196,8 milljónir og afkoma kr. -94,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 20,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 165,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fiskeldissjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fiskeldissjóðs fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Kolbeinn Árnason, skrifstofustjóri.

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	196.800.000	117.000.000
Tekjur samtals		<u>196.800.000</u>	<u>117.000.000</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	951.641	1.881.006
Framlög og tilfærslur	4	290.100.000	0
Annar rekstrarkostnaður	5	6.688	182.188
Gjöld samtals		<u>291.058.329</u>	<u>2.063.194</u>
Afkoma ársins		<u>(94.258.329)</u>	<u>114.936.806</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	2		
Rekstur		10.741.671	9.936.806
Rekstrartilfærslur		(105.000.000)	105.000.000
		<u>(94.258.329)</u>	<u>114.936.806</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	165.228.477	114.936.806
Veltufjármunir samtals		<u>165.228.477</u>	<u>114.936.806</u>
Eignir samtals		<u><u>165.228.477</u></u>	<u><u>114.936.806</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	7		
Hrein eign		<u>20.678.477</u>	<u>114.936.806</u>
Eigið fé samtals		<u>20.678.477</u>	<u>114.936.806</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>144.550.000</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		<u>144.550.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>165.228.477</u></u>	<u><u>114.936.806</u></u>

Aðrar upplýsingar

8

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(94.258.329)	114.936.806
		(94.258.329)	114.936.806
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(50.291.671)	(114.936.806)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		144.550.000	0
		94.258.329	(114.936.806)
Handbært fé frá rekstri		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
Handbært fé í árslok		0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á.

Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofs-skuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóð-streymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi. Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- Skeiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- Uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngu-kostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2. Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	196.800.000	117.000.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	11.700.000	185.100.000	0	196.800.000
Fjárveiting til tekna	11.700.000	185.100.000	0	196.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(958.329)	(290.100.000)	0	(291.058.329)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	10.741.671	(105.000.000)	0	(94.258.329)

3. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	894.820	1.681.687
Launatengd gjöld	56.821	199.319
	951.641	1.881.006

4. Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	290.100.000	0
	290.100.000	0

5 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðipjónusta	0	175.500
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	0	175.500
Afnotagjöld	6.688	6.688
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	6.688	6.688
Annar rekstrarkostnaður samtals	6.688	182.188

30

Skýringar

	31.12.2021	11.2021
6. Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	165.228.477	114.936.806
	165.228.477	114.936.806

7. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	114.936.806	0
Afkoma ársins	(94.258.329)	114.936.806
Jöfnuður 31.12.	20.678.477	114.936.806

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Sjóðurinn hefur gert skuldbindandi samninga við sveitarfélög um að styrkja ýmis innviðaverkefni. Helmingur styrks er greiddur út við undirritun samnings og seinni hluti við verklok. Því er sjóðurinn skuldbundinn útgreiðslu þeirra styrkja að því gefnu að sveitarfélög ljúki styrktum innviðaverkefnum á samningstíma.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Líkt og fram kom í skýringum ársreiknings 2021 bókfærast styrkir þess árs á árinu 2022 ásamt styrkjum ársins 2022. Skýrir það jákvæða afkomu innan ársins 2021 og jafnframt neikvæða afkomu sjóðsins innan ársins 2022.

31

